

**Ed.**

**41. Frumvarp til laga**

[40. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til rikissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1974 með sömu viðaukum og á yfirstandandi ári.